

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Gudmannshaga 1.*

Skipulagsráð Akureyrar hefur þann 27. nóvember 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Gudmannshaga 1.

Breytingin felur í sér að heimilt verður að byggja fjögurra hæða fjölbýlishús í stað 3ja hæða, hámarksvegghæð húss verði 12 m í stað 11,7 m, byggingarreit við götu verði hliðrað um 0,3 m vegna bílageymslu, bílastæðum við götu verði hliðrað vegna aðkomu að bílageymslu auk þess að stæðum verði fjölgað um 5 og lóð stækki úr 2.097 m<sup>2</sup> í 2.157 m<sup>2</sup> vegna stækkunar lóðarluta fyrir bílstæði, nýtingarhlutfall húss verði 1,25, bætt er við byggingarreit fyrir bílageymslu með nýtingarhlutfalli 0,45, svalir fá að ná 2 m út fyrir byggingarreit og aðkomu að leiksvæði verði breytt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 10. desember 2019,*

**Margrét M. Róbertsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.